

## Færni er fjársjóður

Fræðsla og þjálfun eykur hæfni starfsfólks til að takast á við ögrandi verkefni ásamt því að viðhalda og bæta fagþekkingu. Það er jafnt á ábyrgð starfsfólks og vinnuveitenda að starfsfólk afli sér þekkingar og færni sem störf þeirra krefjast. Markviss fræðsla og þjálfun mun án efa vega þungt í að skapa vinnustöðum samkeppnisforskot til framtíðar.

Hjá Samskipum leggjum við ríka áherslu á að fræðslustarfið sé virkt út um allt fyrirtækið og nái til fræðslu allra starfsmanna. Færni starfsfólksins er okkar fjársjóður og grundvöllur þeirra framtíðar sem við stefnum að. Fræðsla er hluti af framtíðaráætlun hvers starfsmanns og hefur hann möguleika til að auka við þekkingu sína og færni í núverandi starfi ásamt því að afla sér þekkingar á nýjum sviðum.

Á hverju hausti greinum við þarfir og gerum fræðsluáætlun fyrir komandi ár. Sú áætlun nær til hinna ólíku starfsstétta í okkar fjölmenna fyrirtæki. Þar til grundvallar leggjum við stefnu, gildi og sýn fyrirtækisins, þá hæfni og færniþætti sem hvert starf krefst, löglega réttindafræðslu, vinnustaðagreiningar og þjónustukannanir ásamt óskum starfsmanna og stjórnenda.

Með öflugri hvatningu til fræðslu ásamt virðingu fyrir mikilvægi allra starfa sem hér eru unnin, ríkir lærdómsmenning hjá Samskipum. Við horfum bjartsýn fram á veginn!



Auður Þórhallsdóttir

